AUGLÝSING

um deiliskipulag við Smiðjuveg 2, 4b, 4c, 4d og 4e í Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar 22. febrúar 2000 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi lóðanna nr. 2, 4b, 4c, 4d og 4e við Smiðjuveg. Um er að ræða færslu á vesturlóðamörkum Smiðjuvegar 4b, 4c, 4d og 4e. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 18. nóvember til 22. desember 1999. Athugasemdir og ábendingar bárust frá einum aðila.

Á ofangreindum fundi samþykkti bæjarstjórn jafnframt umsögn bæjaryfirvalda dags. 15. febrúar 2000 um framkomnar athugasemdir og ábendingar. Tillagan hefur verið yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 11. apríl 2000.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

GJALDSKRÁ

Hollustuverndar ríkisins vegna eftirlits og vinnslu starfsleyfa og vegna þjónustu á sviði mengunarvarna.

1. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðinga.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjald sem nemur 4.850 kr./klst fyrir útselda vinnu sérfræðinga á vegum stofnunarinnar.

2. gr.

Gjöld fyrir mengunarvarnaeftirlit með starfsleyfisskyldri starfsemi.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjald fyrir veitta þjónustu, verkefni og mengunarvarnaeftirlit með starfsemi sem stofnunin hefur beint eftirlit með sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 786/1999.

Fyrir atvinnurekstur sem talinn er upp í fylgiskjali nr. 1 með reglugerð nr. 786/1999 skal greiða gjald vegna reglubundins eftirlits samkvæmt 12. gr. reglugerðarinnar sem hér segir:

Eftirlitsflokkur	Upphæð gjalds
1. flokkur	330.000
2. flokkur	146.000
3. flokkur	110.000
4. flokkur	86.000

Gjald fyrir eftirlit skal greiða þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Fyrir eftirlit umfram reglubundið eftirlit, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999, skal greiða tímagjald samkvæmt 1. gr. fyrir útselda vinnu sérfræðinga á vegum Hollustuverndar ríkisins, auk ferðakostnaðar.

3. gr.

Gjöld vegna vinnslu starfsleyfa.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa og fyrir aðra þjónustu og verkefni sem tengjast starfsleyfisgerð, sbr. fylgiskjal 1 og I. viðauka með reglugerð nr. 785/1999.

Gjald vegna vinnslu starfsleyfa er tvíþætt:

1. Fast gjald vegna kostnaðar við móttöku, auglýsingar, útgáfu og kynnisfunda. Atvinnurekstur sem talinn er upp í fylgiskjali 1 og I. viðauka með reglugerð nr. 785/1999, skal greiða gjald sem hér segir:

Eftirlitsflokkur	**Fast gjald vegna vinnslu starfsleyfa**
1. flokkur	kr. 225.000
2. flokkur	kr. 146.000
3. - 5. flokkur	kr. 47.000

Fast gjald vegna vinnslu starfsleyfa greiðist við umsókn um starfsleyfi.

2. Gjald vegna vinnu við gerð starfsleyfistillagna, og úrvinnslu og afgreiðslu innsendra athugasemda skal greiða samkvæmt 1. gr. fyrir útselda vinnu sérfræðinga á vegum Hollustuverndar ríkisins. Ferðakostnaður, kynningar umfram kynningu, sbr. 1. tölul. og ófyrirséður kostnaður greiðist skv. reikningi.

Fyrir endurskoðun og breytingu á starfsleyfi skal greiða samkvæmt 1. gr. fyrir útselda vinnu sérfræðinga á vegum Hollustuverndar ríkisins.

4. gr.

Gjöld vegna sérstakrar þjónustu á sviði mengunarvarna.

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjöld vegna eftirfarandi þjónustu sem hér segir:

1.	Vegna umsagnar um rotþrær, sbr 16. gr. reglugerðar nr. 798/1999.	kr. 10.000
2.	Vegna umsagnar um olíuskiljur, sbr. 51. gr. reglugerðar nr. 35/1994.	kr. 10.000
3.	Vegna viðurkenningar á amalgamskiljum, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 79/1996.	kr. 25.000
4.	Vegna afgreiðslu tilkynninga um flutning á úrgangi milli landa, sbr. reglugerð nr. 377/1994.	kr. 25.000

5. gr.

Innheimta.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Eindagi gjalda er 30 dögum eftir útsendingu reiknings. Heimilt er að innheimta dráttarvexti, sé gjald ekki greitt á eindaga. Um innheimtu að öðru leyti fer skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Frávik frá gjaldskrá.

Fari mengunarmælingar ekki fram skamkvæmt því sem segir í 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999 er heimilt að lækka gjaldið til þess tíma að mengunarmæling hefur farið fram.

Heimilt er að lækka eftirlitsgjald sem nemur framlagi atvinnurekenda til reglubundins eftirlits í formi innra eftirlits eða aðkeyptrar þjónustu.

7. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. 21. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn Hollustuháttaráðs, sbr. 17. gr. áðurnefndra laga, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 648/1996 með sama heiti.

Umhverfisráðuneytinu, 13. apríl 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

18. apríl 2000 Nr. 269

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Selfjall í landi Haga, Holta- og Landsveit.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Holta- og Landsveitar þann 6. september 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Selfjall í landi Haga, dagsett 10. júní 1992. Breytingin nær til lóðar númer 1 og felst í að lóð stækkar úr 6400 m^2 í 10050 m^2.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 10. júní 1992.

Holta- og Landsveit, 18. apríl 2000.

Sveitarstjóri Holta- og Landsveitar,

Valtýr Valtýsson.

3. apríl 2000 Nr. 270

REGLUGERÐ

um skólareglur í grunnskóla.

1. gr.

Nemendur á skólaskyldualdri skulu sækja grunnskóla nema veikindi eða önnur forföll hamli.

2. gr.

Hver grunnskóli skal setja sér skólareglur sem skylt er að fara eftir. Skólastjóri, kennarar og aðrir starfsmenn, nemendur og forráðamenn þeirra skulu í sameiningu kosta kapps um að starfsandi og skólabragur í skólanum sé sem bestur og eiga skólareglur að stuðla að því. Forsendur góðs starfsanda eru vellíðan, gagnkvæmt traust, virðing og samábyrgð allra í skólasamfélaginu.